




Tækifæri til sóknar gegn kynferðisofbeldi barna

Samantekt frá samráðsfundi samtakanna Blátt áfram
haldinn á 10 ára afmæli þeirra 23. 4. 2014



Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Hvernig er orsakakeðjan brotin?	2
2.1	Helstu niðurstöður hugarflugsins	2
3	Góð dæmi um forvarnarstarf	3
4	Áherslur og tækifæri í forvarnarstarfi gegn kynferðisofbeldi	5
4.1	Fræðsla og forvarnir	5
4.2	Vitundarvakning og umræða	6
4.3	Meðhöndlun og úrræði	6
4.4	Stefnumótun	7

1 Inngangur

Samtökin Blátt áfram (www.blattafram.is), sem berjast gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum héldu uppá 10 ára starfsemi samtakanna með samráðsfundi á afmælisdaginn þann 23. apríl 2014. Fundurinn var haldinn á Hótel Natura frá 13 – 16 og í kjölfarið var haldið uppá afmæli samtakanna. Þangað var boðið fagfólki og leikmönnum sem áhuga hafa á viðfangsefninu. Þátttakendur á fundinum voru um fjörutíu.

Markmiðið afmælisfundarins var að læra af reynslunni af starfi Blátt áfram og annarra sem hafa unnið að forvörnum gagnvart kynferðislegu ofbeldi gegn börnum og nýta þekkingu og hugmyndaauðgi þátttakenda til að fá:

- ✓ *Hugmyndir um nýjar leiðir í 1. stigs forvörnum, þar sem áhersla er á að ná til fullorðinna.*
- ✓ *Greiningu á því hvernig áhrifarikast er að vinna gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum, bæði í starfi Blátt áfram og almennt í samfélaginu.*


Þannig gætu allir þátttakendur lært hver af öðrum og fengið innblástur um hvernig efla megi forvarnir hérlandis enn frekar. Annað takmark með fundinum var að safna saman efni sem nota mætti til áframhaldandi uppbyggingar starfs Blátt Áfram.

Ráðgjafarfyritækið Alta (www.alta.is) var fengið til að annast skipulag og stjórnun samráðsfundarins. Hér á eftir fer samantekt Alta með afrakstri þeirrar umræðu sem fram fór á fundinum og þeim ábendingum sem fram komu frá þátttakendum.



2 Hvernig er orsakakeðjan brotin?

Í upphafi var farið í hugarflug þar sem athyglinni var beint að orsakabáttum í ofbeldinu og nýjum leiðum til að rjúfa orsakasamhengi.



Sigríður Björnsdóttir framkvæmdastjóri Blátt áfram kynnti orsakakeðjuna, en í henni koma fram þeir þættir sem þurfa að vera til staðar til þess að ofbeldi geti átt sér stað.

Þátttakendum var skipt í fjóra hópa þar sem spurningar snérust um hvernig rjúfa megi þetta orsakasamhengi, hvað þurfi að vera fyrir hendi til að ofbeldi eigi sér stað. M.a. var rætt um:

- ✓ *Hverju getum við breytt í umhverfi, aðstæðum, hegðun geranda og hlutverki foreldra til þess að koma í veg fyrir að barn verði fyrir ofbeldi?*
- ✓ *Hvaða kringumstæðum ættu foreldrar og aðrir að vera vakandi fyrir?*
- ✓ *Hvernig getum við breytt leikreglum í tengslum við börn?*
- ✓ *Reynslan segir að tilfelling komi upp vegna þess að...*
- ✓ *Hvernig er hægt að koma í veg fyrir að þessar kringumstæður leiði til misnotkunar?*

2.1 Helstu niðurstöður hugarflugsins

Orsakakeðjan var krufin til mergjar og fleiri málefni tengd þessu rædd. Fundargestir komust að því að mikilvægt væri að setja eftirfarandi málefni ofarlega á bauginn til að ná árangri í þessu sambandi:

- ✓ *Stefnumótun stjórnvalda um málaflokkinn er nauðsynleg m.a. til að samhæfa forvarnarstarf á vegum ríkis og sveitarfélaga og nýta það betur.*
- ✓ *Skýrar verklagsreglur þarf hjá öllum aðilum sem vinna með börnum.*
- ✓ *„Afskepnuvæða“ þarf gerandann, taka þarf á málunum af alvöru og á heiðarlegan hátt“.*
- ✓ *Tabúið þarf að fjarlægja úr umræðunni með því að tala oft og eðlilegar um málefnið.*
- ✓ *Efla þarf félagsauðinn, foreldrar þurfa að kynnast hverjum öðrum og vinna vel saman.*
- ✓ *Vinna þarf með sjálfsmynd barna, hlusta vel og kenna þeim að láta vita af því sem þeim þykir óþægilegt.*
- ✓ *Fólk þarf að vita að það getur leitað sér hjálpar og hvar sú hjálp er veitt. Það á við um bæði gerendur og þolendur.*
- ✓ *Tala þarf um vandamálin á opinskáan máta en það þarf líka að sjokkera til þess að umræðan detti ekki niður.*

Einnig var mikið rætt um mikilvægi *fræðslu* og *forvarna* í þessum hluta dagskrárinnar og var þar farið um víðan völl, allt frá því að fræðsla þyrfti að hefjast á fæðingardeildinni yfir í að samræma þyrfti vinnubrögð í málaflokkun. Sérstaklega var rætt um fræðslu fyrir þá sem vinna mikið með börnum.



3 Góð dæmi um forvarnarstarf

Eftir fyrsta hluta fundarins settust fundargestir niður og leituðu hver í sínu lagi að góðu dæmi um forvarnarstarf sem hægt væri að taka til fyrirmyndar og skýrðu hvað var þess valdandi að þetta tiltekna verkefni hefði heppnast vel. Fjöldinn allur af góðum dæmum voru nefnd og voru þau jafn fjölbreytt og þau voru mörg. Leitað var dæma þar sem forvarnarherferðir hafa átt þátt í því að breyta viðmiðum og virkni í samfélaginu.

Flestir fundargesta nefndu stórar herferðir sem kynntar hafa verið á landsvísu í fjölda ára en stuttmyndin Fáðu Já var einnig nefnd af nokkrum. Voru eftirfarandi dæmi oftast nefnd:

- ✓ *Umferðarstofa - Hjálmanotkun, bílbelti, akstur undir áhrifum og aðrar auglýsingar um hættur í umferðinni.*
 - Auglýsingarnar þóttu áhrifaríkar vegna þess að þær sjokkeruðu og þóttu sláandi, passað var þó uppá að ekki væri aðeins um hræðsluáróður að ræða. Almenn breyting í hegðun og notkun er markmið þessara herferða og einfalt er að sýna árangurinn af því að gera einsog ætlast er til í auglýsingunum.
- ✓ *Reykjaherferðir Þórgríms Þráinssonar*
 - Þórgrímur þótti ná vel til unglunga vegna þess að hann er góð fyrirmynd og samfélagið tók við boðskapnum hans. Þórgrími þótti takast vel til varðandi það að opna fyrir umræðuna og setja jákvæðan stimpil á það að hafna reykningum. Umræðan var bæði tíð og mikil.
- ✓ *Fáðu Já*
 - Stuttmyndin opnaði umræðuna og setti kynheilbrigði, klám og kynferðisofbeldi í samhengi sem ungt fólk tengdi við. Ábyrgðin var færð til og skilaboðin um að samþykki þyrfti til komust í gegn. Athygli var vakin á því hvað almennt kynheilbrigði er og fengu foreldrar og kennarar þannig tæki og tól til þess að ræða um þessa hluti á eðlilegum nótum.

Önnur dæmi sem þóttu vera góðar fyrirmyndir:

- ✓ *Fræðslustarf hjúkrunarfræðinga um einkastaðina fyrir 1. bekinga grunnskóla.*
 - Hjúkrunarfræðingurinn sem kennir fær fræðslu um efnið og fræðslugögn. Fleiri tilkynningar um brothafa komið fram frá skólunum í kjölfarið.
- ✓ *Eineltisstarf innan íþróttanna.*
 - Hefur opnað mikið á umræðu og vitneskju um málefnið. Flest félögin eru komin með eineltisstefnu.
 - Vakti vitund iðkenda og foreldra.



- ✓ *Marita fræðslan, „hættu áður en þú byrjar“*
 - Magnús fær foreldra, börn og unglunga til þess að setjast niður og ræða málin. Margir foreldrar fá innsýn í hvað er í gangi (sem þeim datt ekki í hug að væri í gangi).
 - Mjög áhrifarík fræðsla um afleiðingar fíkniefnanotkunar.
 - Börn eru fengin til þess að taka ákvörðun um að byrja aldrei.
- ✓ *Mottumars.*
 - Fyrsta herferðin var með húmorinn að leiðarljósi.
- ✓ *Barnvænleg íhlutun í heimilisofbeldi, samstarf Barnaverndarstofu, barnaverndarnefndar höfuðborgarsvæðisins og lögreglu.*
 - Vandamálið var vel kortlagt.
 - Gott samstarf var á milli stofnana og fagstétta.
 - Raunhæf hjálp til barna í vanda.
- ✓ *Kynning í skólum á vegum Blátt áfram.*
 - Tókst vel til vegna umræðu í bekkjum á eftir – gott fyrir kennara og nemendur.
- ✓ *Forvarnafræðsla barna og foreldra um heimilisofbeldi, var sýnilegt.*
 - Bæði börn og foreldrar virkir þátttakendur, fengu færi á leiðsögn til að ræða um hlutina (sýnilegt).
- ✓ *Fræðslunámskeiðið Verndarar barna, þar sem allir starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar sem unnu með börnum voru skikkaðir til þátttöku.*
 - Allir voru sammála og verkefnið skýrt.
 - Gaf kennurum/foreldrum tæki og tól til að ræða út frá eðlilegum nótum.
- ✓ *Regluverk sett saman um viðbrögð við ofbeldi gegn börnum innan kirkjunnar og forvarnir gegn ofbeldi.*

- Vitundarvakning átti sér stað innan kirkjunnar.
- ✓ *Jafningjafræðslan.*
 - Hlustað er á jafninga.
- ✓ *Olweusar eineltisáætlun.*
 - Allt starfsfólk skóla sem tekur upp Olweus fer í mikla og margþætta fræðslu sem eykur ábyrgðartilfinningu hvers og eins - það er allra að passa að ekki líðist að einelti eigi sér stað.
- ✓ *Úrræði á vegum Barnaverndarstofu sem ætluð voru gerendum í kynferðisofbeldi undir 18 ára aldri til þess að freista þess að koma í veg fyrir að þau börn verði ekki að ofbeldismönnum.*
 - Þarna er gripið inni eins fljótt og hægt er og horft er á vandamálið eins og það er.
- ✓ *Fræðsla fyrir foreldra sem standa í skilnaði.*
 - Bæði kyn taka þátt og þátttakendur á ólíku stigi í skilnaðarferlinu.
 - Þátttakendur áttu börn á ólíkum aldri.
 - Ríkulegur tími til umræðna, meðal annars um rétt og líðan barna, foreldrajafnrétti og foreldraskyldur.
- ✓ *Sölví á Skjá einum.*
 - Raunveruleikinn var bara þarna og vakti fólk upp af værum blundi.
 - Sjúkeraði fólk og og vakti það upp af hræðslu við umræðuna og málaflökkinn. Mikil vöknun var í samfélaginu og áhugi á meiri fræðslu og vitneskju um málefnið jókst.
- ✓ *Öryggið á oddinn, forvarnir útaf eyðni.*
 - Náðu mikilli útbreiðslu og ollu vitundarvakningu.
 - Auglýsingin var mjög víða og herjaði á breiðan hóp.
- ✓ *Pörupiltar.*
 - Ná til unglinga á skemmtilegan og fræðandi hátt.
- ✓ *Forvarnardagur lögreglunnar og forvarnarfulltrúa í Reykjanesbæjum umferðarslys.*
 - Tekst vel vegna þess að margir koma að deginum, lögregla, tryggingafyrirtæki, sjúkraflutningamenn og Umferðarstofa, sem hvetja ungt fólk til þess að fara gætilega í umferðinni.

Margar skemmtilegar athugasemdir litu dagsins ljós í þessu samtali, margar hverjar vel til þess fallnar að benda á það hvernig einn einstaklingur getur haft gríðarleg áhrif ef hann hefur fengið góða fræðslu og nær góðum tengslum við viðmælendur sín.

Var kynlífsráðgjafinn Sigga Dögg nefnd í þessu samhengi þar sem talað var um að hún gæti talað við alla hópa á þeirra eigin tungumáli.

„Sigga nær að fá alla til þess að tala um hlutina á sínu máli og þannig minnkar feimnin“.



Annað frábært dæmi var frá fundargesti, þar sem hann benti á hvernig allir geta haft áhrif á þá sem standa okkur næst:

„Ég sem móðir, amma og langamma fræði börnin mín og el eins og ég get í því að tala um og við alla sem koma að þessum málum, börnin geta öll talað við mig um þessi málefni“.

Það kom því skemmtilega fram bæði í þessum dæmum sem og í dæmunum um Þorgrím Þráinsson að einstaklingar geta staðið fyrir jákvæðum breytingum sé orku þeirra beint í réttan farveg. Spurningin gæti því allt eins verið hvernig hægt sé að virkja raddir sem flesta í umræðunni.

4 Áherslur og tækifæri í forvarnarstarfi gegn kynferðisofbeldi



Í síðasta hluta var rætt um hvaða breytingar hefðu mest áhrif til að koma í veg fyrir kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og hvað þurfi til þess að þær takist vel? Var eftirfarandi lykilsurning höfð að leiðarljósi þegar fundargestum var skipt niður í hópa sem unnu síðan saman eftir fyrirmynd „heimskaffi“ hugmyndafræðinnar:

„Hvaða breytingar hefðu mest áhrif til að koma í veg fyrir kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og hvað þarf til þess að þær takist vel?“

Þegar hugmyndirnar sem komu fram á „heimskaffinu“ eru dregnar saman má sjá að þátttakendur sammælast að miklu leyti um það að til þess að hafa jákvæð áhrif á þróun málaflokksins þurfa breytingar að eiga sér stað á fjórum mismunandi sviðum.

- ✓ Fræðsla og forvörnum.
- ✓ Vitundarvakningu og umræðu.
- ✓ Meðhöndlun og úrræðum.
- ✓ Stefnumótun stjórnvalda.



4.1 Fræðsla og forvarnir

Í tengslum við fræðslu og forvarnir var talað um að bæta þyrfti fræðslufni til muna og horfa þyrfti sérstaklega til þess að fræða þá sem vinna með börnum betur. Sú hugmynd kom nokkrum sinnum upp að tengja þyrfti öll stig skólakerfisins betur til þess að hægt væri að vera með samfellda fræðslu til samfélagsins eins og það leggur sig (Foreldrar, fagfólk, börn, almenningur og gerendur). Að mati fundargesta þótti einnig mikilvægt að koma forvörnum og fræðslu betur inn í stefnu stjórnvalda og var þá m.a. minnst á að fræðsla um málefnið mætti vera hluti af námskrám leik- og grunnskóla. Einnig var bent á að:

- ✓ Fræðsla til fagaðila þurfi að aukast. Háskólasamfélagið í heild sinni þurfi að fá meiri fræðslu um málaflokkinn, það geti verið góður byrjunarpunktur.
- ✓ Fræða þurfi fagstéttir og iþróttáþjálfara enn betur og auka skilninginn á röskuninni sem á sér stað hjá gerendum. Í raun þurfa forvarnir og fræðsla að eflast umtalsvert hjá eftirfarandi hópum:
 - Hópum sem vinna með börnum.
 - Fagfólki.
 - Almennungi.
 - Fötluðum.
 - Börnum.
- ✓ Forvarnir þurfa að fjalla um líkamleg mörk og samskipti á milli barna og fullorðinna.

- ✓ *Fræða þarf samfélagið um skyldur okkar sem samfélagsþegnar og það hvað öryggi barna þýðir.*
- ✓ *Setja þarf fjármagnið í gott fræðsluefni um forvarnir. Fræðsla þarf að hefjast í leikskóla og halda áfram upp allt skólakerfið.*
 - Fræðsla þarf að vera myndræn til þess að hún virki.
 - Ekki þarf að finna upp hjólið aftur og aftur.

4.2 Vitundarvakning og umræða

Umræðan þarf að mati fundargesta að opnast mikið og snúast í átt að því að fjalla um kynferðisofbeldi gegn börnum á eðlilegan máta. Tala þarf opinskátt um það að ofbeldi á aldrei rétt á sér og að við sem samfélagsþegnar þurfum að taka ábyrgð á okkar eigin samfélagi. Réttur barnsins þarf að vera í fyrirrúmi og tilkynningarskyldan sterkari en þagnareidurinn.

Einnig þarf að tala opinskátt um það að gerendur séu ekki skrímsli sem þarf að refsa heldur einstaklingar sem þurfa á meðferð að halda, helst áður en þeir verða ofbeldismenn. Með því að taka ekki aðeins umræðu um málefnið á æsifréttanótum og ekki aðeins þegar einhver hræðilegur glæpur á sér stað má sjá fyrir sér að hægt verði að ræða um hið raunverulega viðfangsefni og það hvernig hægt sé að finna lausnir.

Rannsóknir á sparnaði sem hlytist við forvarnir og aðrar fyrirbyggjandi aðferðir á mótí kostnaðinum sem hlýst af því að gerendur komist upp með ofbeldið kom einnig til tals. Rætt var hvernig hægt væri að auka skilning á fjárhagslega skaðanum sem kynferðisafbrot geta haft á samfélagið. Forvörn er nánast undantekningarlaust ódýrari fyrir samfélagið en þar sem tölur um þann sparnað eru ekki til hérlendis þarf að rannsaka málið nánar.

Eftirfarandi punktar draga saman þá umræðu sem átti sér stað um vitundarvakningu samfélagsins og umræðu um málefnið:

- ✓ *Vitundarvakning þarf að vera í samfélaginu um neikvæð áhrif hvers skyns ofbeldis. Réttur barnsins þarf alltaf að vera í fyrirrúmi og meðvitund um tilkynningarskyldu að aukast sérstaklega hjá eftirfarandi hópum:*
 - Fagstéttum tengdum börnum.
 - Heilbrigðisstarfsmönnum.
 - Litlum samfélögum úti á landi.
- ✓ *Samfélagsleg skylda fullorðinna þarf að endurspeglar þann hugsunarhátt að við sem samfélag mótum hvort annað og þurfum því að hugsa upphátt og spyrja okkur sjálf erfðara spurninga. „Við megum ekki vera hrædd við að hafa skaðanir og eigum að láta heyrast hátt í okkur af því að við viljum sjálf taka ábyrgð á okkar samfélagi.“*
 - Hvernig er hægt að fjalla um ofbeldi í samfélaginu á almennari máta?
- ✓ *Fjalla þarf um allt öryggi barna.*



4.3 Meðhöndlun og úrræði

Rætt var um úrræði í formi betra aðgengis að upplýsingum um málaflokkinn og það hvernig fórnarlömb, gerendur, fagfólk og foreldrar geta leitað sér aðstoðar þegar eitthvað bjátar á. Rætt var um að setja upp ýtarlegan gagnabanka á netinu sem gæti haldið utan um allar upplýsingar sem má nálgast um málaflokkinn.

Einnig var rætt um það hvernig koma megi í veg fyrir það að einstaklingar sem sýna einkenni ofbeldismanna séu meðhöndlaðir áður en þeir valda raunverulegum skaða. Með því að aðstoða verðandi gerendur áður en þeir verða að ofbeldismönnum er bæði hægt að spara heilbrigðisgeiranum umtalsverðar fjárhæðir í tengslum við meðferðir þolenda og breyta umræðunni í kringum skömminna sem fylgir kenndunum og því að leita sér hjálpar eftir að glæpur hefur verið framinn.

Eftirfarandi punktar draga saman þá umræðu sem átti sér stað um úrræði og meðhöndlun fyrir gerendur og þolendur:

- ✓ Vinna þarf með gerendum og veita ungum gerendum meiri aðstoð. Ef hægt er að meðhöndla barnagirnd áður en vandamálið verður raunverulegt er mikið verk unnið.
- ✓ Úrræði þarf að bæta fyrir gerendum en má líta á rannsóknir á því hver kostnaðurinn er við meðferðarúrræði fyrir gerendum á móti kostnaðinum við meðferðir þolenda.
 - Hvað kostar kynferðisglæpamaður samfélagið?
- ✓ Styrkja þarf sjálfsmynd barna og hlusta á þau, það þarf að kenna þeim að hafa trú á sjálfum sér og vita hvar þeirra mörk liggja.
- ✓ Tengja þarf peninga við málefnið, hvernig fáum við raunveruleg gæði í verkefnum?
- ✓ Tryggja þarf foreldrafærni, til dæmis með samfélagssáttmála
 - Eðlilegast væri ef þetta væri svipað og að fá sér bílpróf, þú þarft að standast ítarlega skoðun til þess að geta þegið þær bætur og þá aðstoð sem foreldrar vilja sækja sér.
- ✓ Efla þarf þjónustu við börn í vanda, mikilvægt er að sinna þeim strax og að þau viti hvert þau eigi að leita.
- ✓ Reglur – Betri reglur þarf sem hægt er að fylgja, t.d. einn með einum. Ekki má gleyma því að reglur geta veitt frelsi. Þekkjum mörkin og lærum að vera frjáls með okkar eigin börnum og annarra.

4.4 Stefnumótun

Iðulega var bent á mikilvægi þess að ná fram betri samlegðaráhrifum í málaflokknum með samræmdri stefnu stjórnvalda. Á þeim grunni væri hægt að samræma starf á milli ríkisstofnana, félagasamtaka og annarra hagsmunaaðila og ná þannig betri árangri en ella. Með því að skrifa undir Lanzarote samninginn hefði ríkið skuldbundið sig til þess að taka mun betur á þessum málaflokki en gert hefur verið hingað til. Innleiðing hans muni leiða til mikilla framfara. Bent var á eftirfarandi:

- ✓ Kortleggja þarf fræðslu og forvarnir, greina þarfir og skýra hlutverk þeirra sem að koma. Fræðsla og forvarnir þurfa að taka mið af þörfum 5 helstu hópanna, þ.e. barna, foreldra, fagaðila, samfélagsins og gerenda.
- ✓ Mannréttindi barna og vinnureglur/starfsreglur þurfa að vera stífari. Meiri og stífari reglur þýða meira öryggi. Verklag þarf að vera á hreinu með skýrum verklagsreglum og góðri viðbragðsáætlun.
- ✓ Samstarf – Foreldrar eru ábyrgir frá upphafi en mikilvægt er að ná betri árangri hjá skólum og stjórnvöldum.
 - Setja þarf fræðslu um kynheilbrigði í námskrár allra skólastiga.

